



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT
ÍSLANDS

TSJAJKOVSKÍJ OG SHOSTAKOVITSJ

11. OKTÓBER
2018

VELKOMIN

Vinsamlegast hafið slökkt á farsímum meðan á tónleikum stendur.

Tónleikunum er streymt beint í hljóði og mynd á vef
hljómsveitarinnar, www.sinfonia.is.

Tónleikarnir eru í beinni útsendingu á Rás 1 og eru aðgengilegir á ruv.is.

Tónleikagestir eru beðnir um að klappa aðeins í lok tónverka.

Áætluð tímalengd tónleika:

Candide, forleikur: 5'

Fiðlukonsert: 35'

Sinfónía: 50'

Upptökur með Sinfóníuhljómsveit Íslands má finna á YouTube- og Spotify-rásum Hljómsveitarinnar. Á Spotify má einnig finna lagalista með allri tónlist starfsársins.



[@icelandsymphony](https://www.instagram.com/icelandsymphony) / [#sinfó](https://www.facebook.com/sinfó)

Aðalstyrktaraðili:

GAMMA

Icelandair Hotels



MENNTA- OG
MENNINGARMÁLARÁÐUNEYTIÐ



Reykjavíkurborg

TÓNLEIKAR Í ELDBORG

TSJAJKOVSKÍJ OG SHOSTAKOVITSJ

Klaus Mäkelä
hljómsveitarstjóri

Sayaka Shoji
einleikari

EFNISSKRÁ

Leonard Bernstein
Candide (Birtingur), forleikur (1956)

Pjotr Tsjajkovskíj
Fiðlukonsert í D-dúr, op. 35 (1878)
Allegro moderato – Moderato assai
Canzonetta. Andante –
Finale. Allegro vivacissimo

Hlé

Dímítrij Shostakovitsj
Sinfónía nr. 10 í e-moll, op. 93 (1953)
Moderato
Allegro
Allegretto
Andante – Allegro

For information in English about tonight's programme,
please visit the Iceland Symphony Orchestra website:
en.sinfonia.is



[@klauskakela](#)

KLAUS MÄKELÄ

HLJÓMSVEITARSTJÓRI

Hinn finnski Klaus Mäkelä (f. 1996) er þegar orðinn einn eftirsóttasti hljómveitarstjóri Norðurlanda þótt hann sé ekki nema rúmlega tvítugur að aldri. Hann tók nýverið við stöðu aðalgeststjórnanda hjá Sænsku útvarpshljómsveitinni auk þess sem hann er staðarlistamaður Tapiola-sinfóníettunnar og mun meðal annars stjórna þar Beethoven-hring sem spannar næstu þrjú starfsár. Hann þreytti nýverið frumraun sína hjá Konunglegu filharmóníunni í Stokkhólmi og sinfóníu-hljómsveitunum í Lahti, Ottawa og Minnesota, auk þess að stjórna Filharmóníusveitinni í Helsinki og Sinfóníuhljómsveitinni í Gautaborg. Á næstunni kemur hann meðal annars fram með Orchestre de Paris, Útvarpshljómsveitinni í Frankfurt og Filharmóníusveitinni í Bergen. Mäkelä hefur einnig látið að sér kveða sem óperustjórnandi og stýrði til dæmis *Töfraflautu* Mozarts hjá Finnsku þjóðaróperunni í desember 2017.

Mäkelä lærði hljómveitarstjórn hjá Jorma Panula við Sibelíusar-akadémíuna og stundaði einnig sellónám hjá Marko Ylönen og Timo Hanhinen. Hann hefur komið fram sem einleikari með fjölda hljómveita og einnig leikið kammertónlist víða um heim. Á næsta ári tekur hann við stöðu listræns stjórnanda tónlistarháttíðarinnar í Turku í Finnlandi, og í síðustu viku var tilkynnt að hann yrði næsti aðalstjórnandi Filharmóníusveitarinnar í Ósló frá og með haustinu 2020. Mäkelä stjórnar nú fyrstu áskriftar-tónleikum sínum með Sinfóníuhljómsveit Íslands, en hann stjórnaði hljómveitinni á tónleikum á Menningarnótt í ágúst síðastliðnum.



[@SayakaShoji](#)

SAYAKA SHOJI

EINLEIKARI

Sayaka Shoji (f. 1983) fæddist í Tókýó en ólst upp í Siena á Ítalíu og hóf tónlistarnám fimm ára gömul. Hún lærði hjá Zakhar Bron í Köln frá 15 ára aldri og debúteraði í Musikverein í Vínarborg árið 1997. Árið 1999 hreppti hún fyrstu verðlaun í Paganini-keppninni og um svipað leyti kynntist hún hljómstarstjóranum Zubin Mehta sem hefur allar götur síðan verið einn dyggasti stuðningsmaður hennar.

Shoji hefur leikið með mörgum helstu hljóm sveitum heims, meðal annars Fílharmoníusveitunum í Berlín og New York, Sinfóníuhljóm sveit Lundúna og Santa Cecilia-hljóm sveitinni í Róm. Hún hefur einnig komið fram á Verbier-hátíðinni, Beethoven-hátíðinni í Bonn og lék nýverið á tónleikum í Wigmore Hall í Lundúnum. Árið 2015 hljóðritaði hún allar sönötur Beethovens fyrir píanó og fiðlu ásamt píanistanum Gianluca Cascioli. Fyrir nokkrum vikum kom út nýjasti geisladiskur hennar hjá Deutsche Grammophon, fiðlukonsertar eftir Beethoven og Sibelius sem hún flytur ásamt Fílharmoníusveit Sankti Pétursborgar. Shoji leikur á Stradivarius-fiðlu frá árinu 1729 sem hún hefur að láni hjá japanska fyrirtækinu Ueno.

Sayaka Shoji hefur ekki áður leikið með Sinfóníuhljóm sveit Íslands en hún hefur þrívægis áður komið fram á Íslandi, á hátíðinni Reykjavík Midsummer Music í Hörpu árin 2014, 2015 og 2017.



LEONARD BERNSTEIN

CANDIDE, FORLEIKUR

Í ágúst á þessu ári var öld liðin frá fæðingu Leonards Bernstein (1918–1990). Hann var vonarstjarna bandarískrar tónlistar á áratugunum eftir síðari heimsstyrjöldina og bræddi saman djass og alvarlegri músík af kunnáttu sem fáum var gefin. Hann átti það líka sameiginlegt með mörgum helstu snillingum tónlistarinnar að geta unnið að tveimur gjörólíkum verkum á sama tíma. Þannig var það til dæmis með söngleikina *Candide* og *West Side Story*, sem báðir urðu til á árunum 1955–57 undir áhrifum frá aldagömlum sögum, en spegla ástandið í Bandaríkjunum hvor með sínum hætti. Í *West Side Story* er sagan af Rómeó og Júlíu látin ná til innflytjenda á Manhattan um miðja 20. öld; *Candide* (Birtingur) er byggður á ádeilusögu franska upplýsingarskáldsins Voltaires um ævintýri ungs manns sem telur sig búa í „hinum besta heimi allra heima“ en kemst að því að tilveran er flóknari en svo.

Það var ekki tilviljun ein sem réð því að hinn vinstrisinnnaði Bernstein tókst slíkt verk á hendur. Textahöfundur var leikskáldið Lillian Hellman sem hafði verið kölluð fyrir „And-amerísku nefndina“ svokölluðu, sem starfaði á vegum Bandaríkjaþings undir forystu öldungadeildarþingmannsins Josephs McCarthy og kannaði stjórnmalaskoðanir þeirra sem störfuðu á sviðum lista og menningar. Hellman var um skeið sett út á gaddinn vegna viðhorfa sinna og sama gildi um ýmsa nána vini Bernsteins, meðal annars tónskáldið Aaron Copland. Löngu eftir lát Bernsteins kom líka í ljós að bandaríska leyniþjónustan FBI fylgdist með honum vegna afskipta hans af stjórnmálum. Þrátt fyrir léttúðugt yfirbragð var *Candide* því beinlínis ádeila á hið ofsókarkennda ástand sem einkenndi bandarískt stjórn mála- og menningarlíf um þetta leyti.

Í *West Side Story* eru áhrif bandarískrar dægurtónlistar greinileg en í *Candide* er Bernstein á slóðum hinnar evrópsku óperettu. Verkið fékk fremur dræmar viðtökur við frumsýningu á Broadway árið 1956 og var sýningum hætt eftir aðeins tvo mánuði, en eftir viðamiklar endurbætur árið 1974 komst *Candide* í flokk vinsælustu sviðsverka af þessum toga. Forleikurinn er glaðværðin uppmáluð og hér fléttar Bernstein saman efni úr þremur lögum söngleiksins. Lúðraþytur upphafstaktanna er sóttur í lagið „Best of All Possible Worlds“ en ljóðrænt seinna meginstefið er úr ástardúettinum sérkennilega „Oh, Happy We“ – þar sem elskendurnir Birtingur og Kúnigúnd tala hvort í sína áttina um takmörk sín og þrár. Fjörugir lokataktarnir eru aftur á móti úr frægri flúrariú Kúnigúndar, „Glitter and Be Gay“.

TÓNLISTIN Á ÍSLANDI

Sinfóníuhljómsveit Íslands hefur alloft flutt forleikinn að *Candide*. Meðal stjórndenda hafa verið þeir Murry Sidlin (1988), Osmo Vänskä (1997), David Charles Abell (2003), Kurt Kopecky á óperutónleikum 2005 og Markus Poschner á Vínartónleikum 2009.



ÞJOTR TSJAJKOVSKÍJ

FIÐLUKONSERT

Fiðlukonsert Þjotrs Tsjajkovskíj (1840–1893) er meðal dáðustu tónsmíða hans en hlaut þó dræmar viðtökur í fyrstu. Sama má raunar segja um píanókonsertinn vinsæla sem varð til þremur árum fyrr. Þegar Tsjajkovskíj bað virtúósann Nikolaj Rubinstein að flytja píanókonsert sinn árið 1874 jós sá síðarnefndi úr sér skömmunum og lýsti því yfir að verkið væri „óspilandi,“ „klaufalega samið“ og í alla staði ómögulegt.

Um ástalf Tsjajkovskíjs hefur margt verið ritað og líklega að bera í bakkafullan lækinn að bæta nokkru við, en þó tengist það að sínu leyti tilurð fiðlukonsertsins. Tsjajkovskíj hneigðist til karlmanna en snemma árs 1877 barst honum bréf frá ungri stúlku sem hafði numið hjá honum við Tónlistarháskólann í Moskvu. Hún játaði tónskáldinu ást sína og hótaði að binda enda á líf sitt ef hann ekki kvæntist henni. Tsjajkovskíj lét til leiðast en hjónabandið var hreinasta martröð og stóð raunar ekki nema í örfáar vikur. Hann var á barmi taugaáfalls og sá þann kost vænstan að flýja land, dvaldi í Sviss og á Ítalíu um árs skeið á meðan hann náði áttum á ný. Í Sviss fékk hann heimsókn frá ástmanni sínum, rússneska fiðluleikaranum Josef Kotek. Það lifnaði yfir tónskáldinu við komu Koteks og á aðeins ellefu dögum varð til nýr fiðlukonsert. Tsjajkovskíj tileinkaði Kotek þó ekki konsertinn og lét í það skína í bréfi til útgefanda síns að það væri til að ýta ekki undir slúður um samband þeirra.

Síðar sama ár heimsótti Tsjajkovskíj fiðluleikarann Leopold Auer, sem þá var prófessor við tónlistarháskólann í Sankti Pétursborg, og færði honum fiðlukonsertinn. Auer lét sér fátt um finnst, kvaðst efast um gildi verksins og að sumir staðirnir hentuðu hljóðfærinu illa. Að lokum var það Adolf Brodsky sem frumflutti verkið í Vínarborg 1881. Viðbrögð áheyranda voru í dræmara lagi og gagnrýnendur tóku konsertinum með eindæmum illa: „Hæfileikar Tsjajkovskíjs eru uppblásnir og orðum auknir. Fiðlukonsert hans er langur og tilgerðarlegur. Hann byrjar að vísu nokkuð vel, en ekki líður á löngu þar til ruddaskapur tekur völdin. Þá er ekki lengur leikið á fiðluna, heldur er hún barin til óbóta.“ Sá sem ritaði þessi orð var Eduard Hanslick, einn virtasti tónlistargagnrýnandi sinnar tíðar. Sagt er að Tsjajkovskíj hafi allt til dauðadags getað farið með dóm hans orðréttan fyrir hvern þann sem heyrta vildi. Fljótt urðu viðtökurnar allt aðrar enda er konsertinn meistaraverk og í honum sameinar tónskáldið dúnjúkar laglínur og kraftmikið fiðluspil á þann hátt að vart verður betur gert.

TÓNLISTIN Á ÍSLANDI

Argentínski fiðluleikarinn Ricardo Odnoposoff frumflutti fiðlukonsert Tsjajkovskíjs á Íslandi í Háskólabíói í nóvember 1963. Síðan hefur Sí flutt konsertinn 19 sinnum og meðal einleikara hafa verið Kyung-Wha Chung og Itzhak Perlman (bæði árið 1970), Boris Belkin (1977), Viktor Tretjakov (1991), Jennifer Koh (1993), Sigrún Eðvaldsdóttir (1994, 1997 og 2017), Elfa Rún Kristinsdóttir (2003), Vadim Repin (2008), Sólveig Steinþórsdóttir (2013) og Páll Palomares (2016).



DÍMÍTRÍJ SHOSTAKOVITSJ

SINFÓNÍA NR. 10

Sovéska tónskáldið Dímítríj Shostakovitsj (1906–1975) samdi fimmtán sinfóníur á árunum 1925 til 1971 og eru þær merkur vitnisburður um hina viðsjárverðu tíma sem tónskáldið lifði á. Margir hlustendur heyra í verkum Shostakovitsj trúverðuga lýsingu á hörmungum Stalínstímans, hvort heldur er í manískum scherzóm eða hægum og tregafullum hendingum. Andófsmaðurinn Shostakovitsj hlaut þó ekki uppreisn æru fyrr en eftir lát sitt. Þótt Shostakovitsj væri stundum óstýrilátur gerði hann líka það sem af honum var krafist, samdi kantötur og aðra lofsöngva til kommúnistaflokksins og ættjarðarinnar, og því gátu stjórnvöld hampað honum sem dyggum stuðningsmanni þegar svo bar undir.

Það var ekki fyrr en með bókinni *Testimony* – sem sögð er vera endurminningabók Shostakovitsj, rituð skömmu eftir lát hans af landflótta sovískum tónlistarfræðingi, Solomon Volkov að nafni – að ímynd tónskáldsins tók að breytast. Ýmsum spurningum er enn ósvarað varðandi tilurð bókarinnar en þó eru flestir þeir sem þekktu Shostakovitsj á einu máli um að hún bregði upp trúverðugri mynd af skoðunum hans og aðstæðum. Tónlist er í eðli sínu margræð og erfitt að ákvarða merkingu hennar í eitt skipti fyrir öll. Þetta varð Shostakovitsj vafalaust til lífs. Þó að tónlist hans sé að mörgu leyti hefðbundin má heyra í henni andóf af því tagi sem listamönnum í öðrum greinum hefði varla liðist undir ógnarstjórn Jósefs Stalín.

Þegar Stalín lést, hinn 5. mars 1953, bjuggust margir við því að nú myndi Shostakovitsj, sem í nærri tvo áratugi hafði mátt þola kúgun og niðurlægingu af hálfu sovískra stjórnvalda, loks láta allt flakka. Enn kom Shostakovitsj hlustendum sínum á óvart. Tíunda sinfónía hans, samín síðar sama ár, er sérkennilegt meistaraverk, á köflum innhverf og hæglát en annars staðar brýst fram kaldhæðni og jafnvel heift sem er aðdáendum tónskáldsins vel kunn. Yfirmenn tónlistarmála voru síður en svo ánægðir með þessa nýsmíði og skömmu eftir frumflutninginn efndi Tónskáldafélag Sovétríkjanna til málþings um hina tormeltu sinfóníu. Þar tók Shostakovitsj fyrstur til máls og baðst hreinlega „afsökunar“ á verkinu; hann kvaðst hafa samið sinfóníuna í of miklum flýti, sagði að fyrsti kaflinn væri ófullnægjandi, að annar þáttur væri of stuttur og þar fram eftir götunum. Andstæðingar Shostakovitsj héldu því fram að sinfónían væri í engum tengslum við „hina bjartsýnu framtíð sovískrar alþýðu“.

TÓNLISTIN Á ÍSLANDI

Sinfóníuhljómsveit Íslands hefur sjö sinnum leikið tíundu sinfóníu Shostakovitsj. Hljómsveitarstjórar hafa verið þeir Bohdan Wodiczko (1975), Frank Shipway (1986), Stefan Sanderling (1995), Petri Sakari (1999), Rumon Gamba (2006 og 2010) og Gennadíj Rozhdestvenskíj (2013). Ungsveit Sí flutti sinfóníuna undir stjórn Eivinds Aadland haustið 2015.

Sé endurminningabókin *Testimony* tekin trúanleg var stirt samband tónskálds og einræðisherra kveikjan að verkinu. „Tíunda sinfónían er um Stalín. Ég samdi hana skömmu eftir að Stalín lést, en fram til þessa hefur enginn getið sér þess til að þetta sé yrkisefni mitt. Sinfónían er um Stalín og Stalínstímann. Annar kaflinn, scherzóið, er að vissu leyti mynd af Stalín í tónum,“ hefur Volkov eftir tónskáldinu. Ef mótífið DSCH (sjá að neðan) á að tákna tónskáldið sjálft, þá er engu líkara en að í verkinu eigist við tvö öfl: Stalín og Shostakovitsj. Sá síðarnefndi ber sigur úr býtum eins og ljóst er af lokatöktunum, þar sem nafn tónskáldsins dynur í pákunum.

Fyrsti þáttur er dökkur og íhugull. Strengir hefja leik en í hápunktunum bætist öll hljómsveitin við með sívaxandi þunga í hvert sinn. Þegar allt er um garð gengið hljómar upphafsstefið enn á ný. Shostakovitsj hafði líflegt ímyndunarafl þegar kom að nýstárlegum samsetningum hljóðfæra eins og þessir taktar sýna glögg: dúett fyrir tvær pikkolóflautur við dulúðugan pákuslátt. Annar kafli sinfóníunnar – „myndin af Stalín“ – er hratt og ofsafengið scherzó. Tónlistin þýtur hjá, ýmist svimandi hröð eða í hnífbeittum marséringarhryn. Þriðji þáttur er einnig hraður en á lágstemmdari nótum; hægur fyrsti þátturinn nægir fyrir verkið allt. Ákveðnum vendipunkti er náð þegar flautur leika stef sem er undirskrift tónskáldsins í tónum: DSCH. Samkvæmt þýskri hefð er eftirnafnið Шостако́вич ritað „Schostakowitsch“ og með því að bæta við fornafninu Dmitri má búa til fjögurra tóna stef: D-Es-C-H. Shostakovitsj hafði áður notað þetta mótíf í píanósónötu sinni nr. 2 og fiðlukonserti nr. 1, og það skýtur jafnframt upp kollinum í mörgum seinni verka hans.

Nafn tónskáldsins er ekki hið eina sem hljómar í þriðja kafla 10. sinfóníunnar. Um miðbik þáttarins leikur einleikshorn stef sem samanstendur af tónunum E-A-E-D-A, alls tólf sinnum við ólíkan undirleik. Ef notuð eru nótnaheiti úr „solfège“-kerfinu fyrir miðnóturnar þrjár er útkoman *E-la-mi-re-A*, eða *Elmíra*. Elmíra Naziróva var píanóleikari og sótti nokkra tónsmíðatíma hjá Shostakovitsj árið 1947. Sex árum síðar skiptust þau á innilegum bréfum og virðist tónskáldið hafa átt frumkvæðið að þeim. Þegar Naziróva var spurð út í vináttu þeirra síðar á ævinni sagðist hún ekki hafa verið annað en skáldgyðja tónskáldsins við gerð tíundu sinfóníunnar, og þegar verkið hafi verið fullgert hafi bréfasamband þeirra runnið hratt út í sandinn.

Lokaþátturinn hefst á hægum inngangi. Fyrir en varir er nýtt stef í burðarliðnum og þegar það sprettur fram fullmótað ríkja gleði og léttleiki um hríð. Þó er ekki öll sagan sögð. Dramatískir hápunktar eru aðalsmerki Shostakovitsj og þá skortir ekki hér. Lokataktarnir, þar sem DSCH-stefið hljómar í síðasta sinn, eru sérlega áhrifaríkir; hér er eins og Shostakovitsj hneigi sig fyrir áheyrendum sínum um leið og hann hrósar sigri yfir sínum forna fjanda í eitt skipti fyrir öll.

Árni Heimir Ingólfsson

FIM 18 OKT 19:30



LISIECKI SPILAR SCHUMANN

Kanadíski píánistinn Jan Lisiecki er rétt rúmlega tvítugur en ferill hans spannar heilan áratug. Hann vakti heimsathygli þegar hann lék píánókonsert Chopins á Chopinhátíðinni í Varsjá árið 2008, tólf ára gamall. Tveimur árum síðar var hann kominn með samning hjá Deutsche Grammophon. Hér leikur hann hinn undurfagra og rómantíska píánókonsert Schumanns. Franski hljómveitarstjórinn Bertrand de Billy þykir sérlega innblásinn stjórnandi og er með tvö hrífandi en sjaldheyrð verk í farteskinu. *Les offrandes oubliées* (Gleymdar fórnargjafir) eftir Olivier Messiaen og *Pohádka* eða *Ævintýri* eftir tékkneska tónskáldið Josef Suk sem hljómar nú á Íslandi í fyrsta sinn.

FIM 25 OKT 19:30



NOBU & ASHKENAZY

Í nóvember heldur Sinfóníuhljómsveit Íslands í tónleikaferð um Japan. Hljómsveitin mun leika á 12 tónleikum víðsvegar um Japan, m.a. í Osaka, Nagoya og Hiroshima og Tókýó. Nú þegar er orðið uppselt á flesta tónleika sveitarinnar. Hljómsveitarstjóri verður Vladimir Ashkenazy, aðalheiðurshljómveitarstjóri Sinfóníuhljómsveitar Íslands, en hann hefur notið gífurlegra vinsælda í Japan um áratuga skeið. Píánistinn Nobu er einnig stórstjarna í heimalandi sínu og hefur komið fram í öllum helstu tónleikahöllum heims. Hann hefur verið blindur frá fæðingu en lætur það ekki aftra sér og lærir jafnvel erfiðustu verk píánóbókmenntanna eftir heyrn.

Áskriftartónleikarnir 25. október eru eins konar upphitun fyrir ferðalagið og er efnisskráin hin sama og flutt verður í Japan. Píánókonsert nr. 2 eftir Rakhmanínov er eitt vinsælasta tónverk allra tíma sem gefur Nobu óþrjótandi tækifæri til að sýna snilli sína. Sinfónía nr. 2 eftir Sibelius er sömuleiðis mikið meistara- verk enda var það hún sem þeytti tónskáldinu upp á stjörnuhimin sígildrar tónlistar. *Jökulljóð* samdi Þorkell Sigurbjörnsson árið 1998 sérstaklega að beiðni Ashkenazys og mun það einnig hljóma í Japansferð hljómveitarinnar til þess að minnast þess að Þorkell hefði orðið áttræður á árinu.

SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT ÍSLANDS

11. OKTÓBER 2018

1. fiðla

Sigrún Eðvaldsdóttir
Vera Panitch
Una Sveinbjarnardóttir
Laura Liu
Olga Björk Ólafsdóttir
Lin Wei
Laufey Jensdóttir
Andrzej Kleina
Rósa Hrund Guðmundsdóttir
Bryndís Pálsdóttir
Zbigniew Dubik
Pálína Árnadóttir
Margrét Kristjánsdóttir
Laufey Sigurðardóttir

2. fiðla

Peter Andreas Nielsen
Gunnhildur Daðadóttir
Dóra Björgvinsdóttir
Christian Diethard
Ólöf Þorvarðsdóttir
Pascal La Rosa
Margrét Þorsteinsdóttir
Geirþrúður Ása Guðjónsdóttir
Þórdís Stross
Greta Guðnadóttir
Kristján Matthíasson
Sigurlaug Eðvaldsdóttir

Víola

Þórunn Ósk Marinósdóttir
Anton Vilkhov
Lucja Koczo
Guðrún Hrund Harðardóttir
Kathryn Harrison
Sarah Buckley
Þórarinn Már Baldursson
Herdís Anna Jónsdóttir
Ásdís Hildur Runólfssdóttir
Móeiður Anna Sigurðardóttir

Selló

Sigurgeir Agnarsson
Hrafnkell Orri Egilsson
Sigurður Bjarki Gunnarsson
Bryndís Halla Gylfadóttir
Ólöf Sesselja Óskarsdóttir
Júlia Mogensen
Margrét Árnadóttir
Lovisa Fjeldsted

Bassi

Hávarður Tryggvason
Páll Hannesson
Gunnlaugur Torfi Stefánsson
Jacek Karwan
Jóhannes Georgsson
Richard Korn
Þórir Jóhannsson

Flauta

Hallfríður Ólafsdóttir
Áshildur Haraldsdóttir
Martial Nardeau

Óbó

Julia Hantschel
Peter Tompkins
Clara Pérez Sedano

Klarínnett

Arngunnur Árnadóttir
Grímur Helgason
Rúnar Óskarsson
Helga Björg Arnardóttir

Fagott

Nikolaj Henriques
Bryndís Þórsdóttir
Brjánn Ingason

Horn

Stefán Jón Bernharðsson
Asbjörn Bruun
Emil Friðfinnsson
Joseph Ognibene
Frank Hammarin

Trompet

Einar Jónsson
Eiríkur Örn Pálsson
Guðmundur Hafsteinsson
Kasper Knudsen

Básúna

Sigurður Þorbergsson
Oddur Björnsson
David Bobroff, bassabásúna

Túba

Keith Kile

Harpa

Katie Buckley

Pákur

Soraya Nayyar

Slagverk

Steeff van Oosterhout
Frank Aarnink
Eggert Pálsson
Pétur Grétarsson

Yan Pascal Tortelier *aðalhljómsveitarstjóri*

Vladimir Ashkenazy *aðalheiðursstjórnandi*

Osmo Vänskä *heiðursstjórnandi*

Bjarni Frimann Bjarnason *aðstoðarhljómsveitarstjóri*

Anna Þorvaldsdóttir *staðartónskáld*

Arna Kristín Einarssdóttir *framkvæmdastjóri*

Árni Heimir Ingólfsson *listrænn ráðgjafi*

Margrét Sigurðsson *fjármálafulltrúi*

Grímur Grímsson *sviðsstjóri*

Anna Sigurbjörnsdóttir *tónleikastjóri*

Hjördís Ástráðsdóttir *fræðslustjóri*

Kristbjörg Clausen *nótna- og skjalavörður*

Sigþór J. Guðmundsson *sviðsstjóri*

Margrét Ragnarsdóttir *markaðs- og kynningarstjóri*

Jökull Torfason *markaðsfulltrúi*

Una Eyþórsdóttir *mannauðsstjóri*

Larissa Weidler *umsjónarmaður nótna*



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT
ÍSLANDS

11. DES 19:30
BÍÓTÓNLEIKAR



SÍÐASTI BÆRINN Í DALNUM

Pessi fyrsta leikna kvikmynd Óskars Gíslasonar var frumsýnd árið 1950 og naut fádæma vinsælda. Tónlistina samdi Jórunn Viðar og var þetta fyrsta kvikmyndatónlist sem samin var á Íslandi við mynd í fullri lengd. Í tilefni af aldarafmæli Jórunnar, sem fæddist 7. desember 1918, verður myndin sýnd við lífandi hljóðfæraleik Sinfóníuhljómsveitar Íslands.

Sinfóníuhljómsveit Íslands

Bjarni Frímenn Bjarnason
hljómsveitarstjóri

Jórunn Viðar / Óskar Gíslason
Síðasti bærinn í dalnum

Samstarfsverkefni Kvikmyndasafns
Íslands og SÍ.

TRYGGÐU ÞÉR SÆTI SINFONIA.IS

Miðasala í Hörpu
sinfonia.is
harpa.is
528 50 50



@icelandsymphony / #sinfó

Aðalstyrktaraðili:
GAMMA